



Íbúaráð Breiðholts  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

### ***Aðkoma íbúaráða að fjárfestinga- og viðhaldsáætlunum 2024-2028***

Nú er undirbúningur fjárhagsáætlunar 2024- 2028 hafin. Því er kallað eftir ábendingum og óskum um fjárfestingar- og viðhaldsverkefni á tímabilinu og ber að koma þeim áfram til Eignaskrifstofu samkvæmt reglum um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg (FMS-STE-001). Frestur fyrir íbúaráð til að skila ábendingum er 31. maí nk.

Tillögur að fjárfestingarverkefnum/stærri viðhaldsverkefnum skal lista upp á meðfylgjandi yfirlitsskjali (eyðublað fyrir tillögugerð íbúaráða). Með hverri tillögu skal fylgja rökstuðningur á þörf hvers verkefnis og ef fyrir liggja hugmyndir um útfærslur. Gera skal jafnréttisskimun fyrir hvert verkefni sem óskað er að fari á fjárfestingaráætlun. Rétt er að benda á að nauðsynlegt er að meðfylgjandi eyðublað séu nýtt til gagnaskila til að bæta vinnu og undirbúning fjárfestingaráætlunar.

Meðfylgjandi er eyðublað fyrir íbúaráð til innfyllingar tillagna (excelskjal), jafnréttisskimunareyðublað, yfirlit yfir verkefni á 5 ára fjárfestingaráætlun og yfirlit yfir viðhaldsverkefni í hverfum borgarinnar ásamt leiðbeiningum um gerð jafnréttisskimunar.

Virðingarfyllst,  
Heimir Snær Guðmundsson  
*Miðlæg stjórnsýsla*  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*

Hjálagt:

Eyðublað fyrir tillögugerð íbúaráða (Excel skjal)  
Fjárfestingaáætlun 2023-2027  
Yfirlit yfir áætlaðar framkvæmdir í hverfunum  
Áætlun um malbiksframkvæmdir  
Eyðublað vegna jafnréttisskimunar  
Leiðbeiningar fyrir íbúaráð vegna jafnréttisskimunar